

Samningur um úttekt á stjórnýslu Hafnarfjarðarbæjar

1. gr.

Aðilar.

Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, verkkaupi, og Capacent ehf. kt. 550910-0630, verksali, gera með sér svofelldan samning um verklag og greiðslur vegna vinnu við úttekt á stjórnýslu Hafnarfjarðarbæjar.

2. gr.

Markmið og lýsing verkefnis.

Í verkefninu verður sérstaklega horft til þess hvernig auka megi þjónustu og skilvirkni í rekstri og starfsemi sveitarfélagsins með hagnýtingu upplýsingatækni, skýrari verkferlum og öflugu starfsumhverfi.

Eftirfarandi markmið verða lögð til grundvallar úttektinni og fulltrúum Capacent falið að:

- Vinna greiningu og leggja mat á styrkleika og veikleika í þjónustu, verkaskiptingu og samstarfi.
- Kanna hvort og þá hvernig væri unnt að auka skilvirkni í stjórnkerfi bæjarins með breytingum á verkferlum og samstarfi.
- Kanna hvar helstu tækifæri liggja gagnvart frekari hagnýtingu upplýsingatækni í innra starfi og með stafrænni stjórnýslu.

Við lok verktímabilsins liggja fyrir úrbótaáætlun fyrir sveitarfélagið. Í niðurstöðum verði leitast við að hafa skýra forgangsröðun þar sem í fyrsta forgang fari verkefni sem geta haft mikil áhrif til aukinnar skilvirkni og bættrar þjónustu hjá Hafnarfjarðarbæ.

Að öðru leyti vísast til verkefnislýsingar sem er fylgiskjal þessa samnings.

3. gr.

Verkið og verklok.

Verksali ber ábyrgð á framkvæmd verksins, leggur til sérfræðinga sem hafa þekkingu og reynslu af sambærilegum verkefnum. Verkkaupi greiðir allan kostnað af framkvæmd þess.

Ábyrgðarmaður verkefnisins fyrir hönd Capacent verður Arnar Pálsson. Aðrir ráðgjafar Capacent geta verið kallaðir að afmörkuðum þáttum vinnunnar.

Gert er ráð fyrir að verkefnið geti hafist 10. september 2018 og ljúki eigi síðar en 15. desember 2018.

Samningur þessi gildir frá undirritun til 15. desember 2018 og gildir einungis fyrir þau verkefni sem hann lýtur að. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með eins mánaðar fyrirvara.

Gert er ráð fyrir að afurðir vinnunnar og úrbótaáætlun verði kynnt á fundi með verkkaupa við verkefnislok.

4.gr.

Þóknun

Heildargreiðsla fyrir verkið fyrir utan virðisaukaskatt verður kr. 7.900.000. Reikningar verða sendir mánaðarlega fyrir áföllnum kostnaði við vinnu verkefnisins.

5. gr.

Trúnaður og meðferð gagna

Allir starfsmenn verksala sem koma að verkinu munu gæta fyllsta trúnaðar varðandi upplýsingar sem þeir fá í tengslum við verkefnið. Þeir hafa allir undirritað trúnaðarsamning hjá Capacent þar sem kveðið er á um þagnarskyldu varðandi málefni einstakra viðskiptamanna.

Verksala er heimilt að nota í eigin þágu og til hagsbóta fyrir viðskiptamenn sína hvenær sem er öll gögn er tilheyra verkefninu og eingöngu innihalda vinnuaðferðir, áætlanir og aðferðafræði Capacent. Verksala er óheimilt að nota þann hluta efnis er inniheldur sértæk gögn eða upplýsingar um verkkaupa til annarra nota en í þágu verkefnisins.

6. gr.

Fyrirvarar og notkunarréttur

Verksali ber enga ábyrgð á túlkun eða nýtingu upplýsinga eða þeim ákvörðunum sem kunna að vera teknar á grundvelli þessa verkefnis. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar kunna að vera á grundvelli verkefnisins er hjá þeim sem þær taka.

Notkunarréttur skilgreindra afurða verkefnisins nær til verkkaupa og dótturfélaga í hans eigu. Verkkaupa er óheimilt að afhenda/selja, að hluta eða að öllu leyti, afurðir verkefnisins til annarra aðila, án skriflegs samþykkis verksala. Verkkaupa er eingöngu heimilt að beita aðferðafræði verksala til innri nota.

7. gr.

Vanefndir og lausn á ágreiningi

Vanefni verksali samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum, getur verkkaupi krafist tafarlausra úrbóta innan hæfilegs tímafrests. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er verkkaupa heimilt að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr. Lögmet sjónarmið skulu ávallt vera skilyrði riftunar samningsaðila á samningi þessum.

Komi upp ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu aðilar leitast við að jafna ágreining sinn.

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit og skulu þau varðveitt hjá samningsaðilum, eitt hjá hvorum. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir forsvarsmenn aðila nöfn sín hér að neðan.

Reykjavík 5. september 2018,

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri

f.h. Capacent

Arnar Pálsson, sviðsstjóri stefnumótunar og fjármálaráðgjafar